

Í endurskoðunarnefndinni eru 2 menn, og skal annar þeirra vera sá maður, 111
sem á hverjum tíma er sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn. Hinn nefndarmaður- 28. sept.
inn skal kosinn, og gerir bókaútgefandi Einar Munksgaard það, meðan hann lifir.
Að sjóðsstofnanda látnum skal hinn maðurinn kosinn af nefnd þeirri, er um ræðir
í 4. gr.

Sá maður endurskoðunarnefndarinnar, sem kosinn er, skal kosinn til 3 ára í
senn. Heimil er endurkosning.

10. gr.

Skyldi svo fara, að heimspekideild Háskóla Íslands hætti störfum, eru framan-
greindar reglur í gildi eftir sem áður — þó svo, að vaxtaupphæðir, sem enn ekki
hefir verið úthlutað, skulu afhentar stjórnarnefnd Árna Magnússonar sjóðsins við
háskóla Kaupmannahafnar, og kemur stjórnarnefnd sú í stað nefndar þeirrar, sem
um ræðir í 4. gr.

Reglur þær, sem getur í 2. málsg. 3. gr. eru í gildi eftir sem áður, þó svo að
formaður stjórnarnefndarinnar kemur í stað rektors við háskóla Íslands.

Ef svo kynni að fara, koma danskir visindamenn til greina við styrkveitingu
úr sjóðnum til jafns við íslenska, með skilyrðum þeim, sem tiltekin eru í 6. gr.

Kaupmannahöfn, hinn 23. maí 1938.

Einar Munksgaard.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Námssjóð J. C. Möller frá 6. októ- 112
ber 1938“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 28. sept.
28. september 1938.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Námssjóð J. C. Möller frá 6. október 1938.

1. gr.

Nafn sjóðsins er „Námssjóður J. C. Möllers frá 6. október 1938“.

Heimili sjóðsins er Reykjavík.

2. gr.

Höfuðstóll sjóðsins, sem aldrei má skerða, er við stofnun hans kr. 10000.00 —
tíu þúsund krónur — í bréfum veðdeildar Landsbanka Íslands.

Fé eða verðmæti sjóðsins, sem alltaf skal vera skráð á nafn sjóðsins, ber að
ávaxta og varðveita eftir sömu reglum, sem gilda um fé ómyndugra.

Hagnað allan, sem verða kann við útdrátt skuldabréfa, ber að leggja við höfuð-
stólinn.

3. gr.

Árlegum vöxtum skal, að frádregnum nauðsynlegum stjórnarkostnaði, úthluta
einu sinni á ári til eins eða tveggja efnilegra íslenskra stúdenta, sem stunda nám,
eða ætla sér að stunda nám í einhverjum af hinum teknisku háskólum á Norðurlönd-
um, þó sérstaklega til þeirra, sem stunda, eða ætla sér að stunda nám í rafmagns-
fræði, og þá einkum til þeirra, er stunda eða ætla sér að stunda nám í Den tekniske
Højskole í Kaupmannahöfn.

Ef að eitt eða fleiri ár líða, án þess að stjórn sjóðsins telji nokkurn umsækj-
anda hæfan til styrks, þá skulu vextirnir á því tímabili leggjast við höfuðstólinn.

112

28. sept.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn, einn valinn af stjórn Verkfræðingafélags Íslands, annar af kennslumálaráðuneytinu, en þann þriðja tilnefni stofnandi sjóðsins, á meðan hann lifir og óskar að nota sér þann rétt, en eftir það sendiherra Íslands eða sá fulltrúi Íslands í Kaupmannahöfn, er fer með málefni landsins þar.

Sá, sem tilnefndur er af stjórn Verkfræðingafélags Íslands, er formaður sjóðsstjórnarinnar.

5. gr.

Stjórnin skal hafa nákvæmt bókhald yfir tekjur og gjöld sjóðsins. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir og úrskurðaðir af kennslumálaráðuneytinu.

6. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður hvenær úthlutun styrkja fer fram og með hvaða hætti úthlutunin skuli auglýst.

7. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

113

8. okt.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Haralds prófessors Nielssonar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 8. október 1938.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Haralds prófessors Nielssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Haralds prófessors Nielssonar, og er hann stofnaður til minningar um Harald prófessor Nielsson á 10 ára dánardegi hans, hinn 11. marz 1938. Sjóðurinn var stofnaður af Háskóla Íslands, en aukinn með gjöfum vina og aðdáenda Haralds Nielssonar.

2. gr.

Sjóðurinn er eign Háskóla Íslands og undir stjórn háskólaráðs.

3. gr.

Höfuðstóll sjóðsins, sem aldrei má skerða, skal ávaxta sem tryggilegast, með því að kaupa fyrir fé sjóðsins bankavaxtabréf veðdeildar Landsbanka Íslands eða önnur álíka trygg verðbréf.

4. gr.

Reikninga sjóðsins skal gera eftir hver áramót, og skal endurskoða þá með sama hætti sem reikninga annara sjóða háskólans og birta í Árbók háskólans.

5. gr.

Af vöxtum eða öðrum arði af eignum sjóðsins skal jafnan ár hvert leggja að minnsta kosti einn fimmta hluta við höfuðstól hans. Afganginum skal eftir nánari ákvörðun háskólaráðs varið til þess að bjóða erlendum eða innlendum fræðimönnum.